

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, sbr. samþykkt nr. 795/2009.

1. gr.

2. mgr. 68. gr. samþykktarinnar sem ber yfirskriftina „*Æðsti yfirmaður starfsmanna – staðgenglar*“ verður svohljóðandi:

Formaður borgarráðs er staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs eru skrifstofustjóri borgarstjórnar, borgarlögmaður og skrifstofustjóri borgarstjóra staðgenglar borgarstjóra.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 11. október 2010.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.